

**Fundargerð 4. Júní 2024 - vinnufundur
Umhverfis- og loftslagsstjórnar Fljótshrepps**

Fundurinn er haldinn í Végarði þriðjudaginn 4. Júní 2024 kl: 17.

Mætt til fundar: Brynjar Darri Kjerúlf, Guðni Jónsson, Halla Auðunardóttir, Júlía Hjartardóttir Kjerúlf, Róshildur Ingólfssdóttir, Helgi Gíslason sveitarstjóri og Helga Eyjólfssdóttir verkefnastjóri þjónustuhúss við Hengifoss. Gestur fundarins er Agnes Brá Birgisdóttir sem jafnframt stýrir fundinum.

Klárað að fara yfir Samfélagssáttmálann og teknir út þeir textar sem ekki áttu lengur við. Farið yfir hvort markmiðin rými við textann og að aðgerðaráætlunin endurspegli markmiðin. Aðgerðir tímasettar og sett inn hverjir hafa ábyrgð.

Farið yfir aðgerðir og markmið Loftslagsstefnu Fljótshrepps.

Vöktunaráætlun og grænt bókhald Fljótshrepps. Eyðublað kynnt og farið yfir hvernig á að halda utanum þessa þætti. Ákveðið að byrja á þessu ári 2024 að skrá niður helstu rekstrarþætti sveitarfélagsins til að hægt sé að reikna út kolefnishlutfall sveitarfélagsins.

Nefndin ræddi að endurvekja Ferðamálanefndina sem áður var starfrækt hjá sveitarfélaginu.

Agnes ætlar að klára lokavinnu við Samfélagssáttmálann og Loftslagsstefnu Fljótshrepps fyrir næsta sveitarstjórnarfund sem verður þriðjudaginn 11. Júlí 2024.

Fundi slitið kl: 20:30

Halla ritaði fundargerð í tölvu.

Vinnufundi slitið kl 22:15

Halla ritaði fundargerð í tölvu.